



Efni: Umsögn Múlaþings við kynningu umhverfismatsskýrslu vegna Gilsárvirkjunar í Eiðapínghá.

Vísað er til erindis frá Skipulagsstofnun dags. 13. júní sl. þar sem óskað er eftir umsögn Múlaþings um kynningu umhverfismatsskýrslu vegna Gilsárvirkjunar sem unnin hefur verið á grundvelli 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Hér á eftir verður gert grein fyrir því hvort athugasemdir séu gerðar við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum þurfi að gera frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við leyfisveitingar, svo sem varðandi mótvægisáðgerðir og vöktun. Jafnframt verða tilgreind þau leyfi sem sveitarfélagið sér um útgáfu á og tengjast umræddri framkvæmd.

Almennt um framkvæmdina

Orkusalan ehf. áformar byggingu 6,7 MW vatnsaflsvirkjunar ofarlega í Gilsá í Eiðapínghá í Múlaþingi. Framkvæmdin felur í sér byggingu stíflu, stöðvarhúss, lagningu 6,5 km langs vegar og 6.100 m langrar aðrennslispípu. Í umhverfismatsskýrslu er fjallað um nýjan valkost (valkostur B) sem ekki var til umfjöllunar í matsáætlun Orkusölunnar. Í honum felst að sleppa hliðarinntaki í Ytri-Lambadalsá til að koma til móts við athugasemdir um möguleg áhrif á vatnalíf neðar í vatnakerfinu.

Athugasemdir við umhverfismatsskýrslu

Brugðist hefur verið við athugasemdum sem Múlaþing gerði við matsáætlun vegna Gilsárvirkjunar.

Heimastjórn Fljótshálfshéraðs hvetur þó framkvæmdaraðila til þess að láta vinna hættumat vegna mögulegs stíflurofs með áherslu á takmarkanir á landnýtingu og búsetu neðan lónsstæðis.

Leyfisveitingar á hendi Múlaþings

Múlaþing veitir framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum eða afmörkuðum þáttum þeirra, þ.m.t. vegna efnistöku og vegagerðar, á grundvelli skipulagsáætlana í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Einnig byggingarleyfi fyrir þeim mannvirkjum sem falla undir ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010, þ.m.t. byggingar vinnubúða og tilheyrandi aðstöðu fyrir framkvæmdaaðila.

Ofangreind umsögn var samþykkt á 60.fundi heimastjórnar Fljótshálfshéraðs þann 3. júlí 2025.

Virðingarfyllt,
f.h., Múlaþings

Sóley Valdimarsdóttir
verkefnastjóri skipulagsmála

Skipulagsstofnun
Bt. Jóns Ágústs Jónssonar

Dags. 8. júlí 2025
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2025-0169

Með erindi dags. 13. júní sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um umhverfismatsskýrslu vegna áforma Orkusölunnar ehf. að byggja nýja vatnsaflsvirkjun ofarlega í Gilsá í Eiðapinghá í Múlaþingi.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við umhverfismatsskýrslu þessa.

Virðingarfyllst,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði

Jón Ágúst Jónsson
Skipulagsstofnun
Borgartún 7b, 105 Reykjavík

Reykjavík, 18. júlí 2025
UOS2506191/E.S.F
13.00

Umsögn – Umhverfismatsskýrsla – Gilsárvirkjun í Múlaþingi

Orkusalan ehf. áformar byggingu nýrrar vatnsaflsvirkjunar ofarlega í Gilsá í Eiðaðinghá í Múlaþingi. Framkvæmdin sem um ræðir er allt að 6,7 MW vatnsaflsvirkjun sem virkjar allt að 3,0 m³/s rennsli með 277 m fallhæð. Framkvæmdin felur í sér byggingu stíflu og stöðvarhúss, uppbyggingu vegar og lagningu á 6.100 m langri aðrennslispípu og safnlögnum. Áætluð efnispörf er 65.000 m³. Framkvæmdasvæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og óbyggt svæði.

Umfjöllun Umhverfis- og orkustofnunar

Í 3. gr. laga nr. 110/2024 um hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar eru talin upp málefni sem falla undir starfsemi Umhverfis- og orkustofnunar.

Í 22. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana kemur fram að vinna skuli skýrslu um umhverfismat hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar og taldar upp þær upplýsingar sem skýrslan skuli innihalda.

Umhverfis- og orkustofnun hefur farið yfir skýrsluna með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, eftir því sem stofnunin telur að eigi við.

Verndar- og orkunýtingaráætlun tekur til landsvæða og virkjunarkosta sem verkefnisstjórn, skv. 8. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 2001/48, hefur fjallað um og hafa uppsett rafafli 10 MW eða meira eða uppsett varmaafli 50 MW eða meira. Áformað afli virkjunarkostsins sem hér er um að ræða er 6,7 MW og því undir þeim viðmiðum.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að stofnuninni er heimilt að binda virkjunarleyfi, sem stofnunin gefur út, skilyrðum skv. 5. gr. raforkulaga. Þar kemur m.a. fram að stofnunin getur sett skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis er lúta að því að tryggja nægilegt framboð raforku, öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkukerfisins og nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Enn fremur má setja skilyrði er lúta að umhverfisvernd, landnýtingu og tæknilegri og fjárhagslegri getu virkjunarleyfishafa. Samningur við flutningsfyrirtækið eða dreifiveitu á því dreifiveitusvæði sem virkjunin er á skal liggja fyrir þegar sótt er um virkjunarleyfi.

Lög um stjórn vatnamála

Umhverfis- og orkustofnun vill vekja athygli á að framkvæmdin þarf að vera í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun.

Fjallað er um áhrif framkvæmdarinnar á vatnafar og vatnalíf í kafla 4.4. Í kafla 4.4.1. þar sem fjallað er um viðmið sem liggja til grundvallar mati á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnafar er vitnað í reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi sem er brottfallin. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að hún var felld á brott með reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi og hafa ætti hana sem viðmið. Jafnframt bendir stofnunin á að telja þarf upp reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Í kafla 4.4.2. eru lagðar til matsspurningar sem umhverfismatinu er ætlað að svara. Vill Umhverfis- og orkustofnun benda á að spurningar 1 og 3 falla báðar undir matsspurningu 2 þ.e. hver eru áhrif Gilsárvirkjunar á vatnshlot Gilsár sbr. lög um stjórn vatnamála. Jafnframt vill stofnunin benda á að hvergi kemur fram í umhverfismatsskýrslunni hver umhverfismarkmið vatnshlotanna eru sem framkvæmdin hefur áhrif á en þau markmið eru lagalega bindandi og ættu að koma fram í skýrslunni. Þar sem fjallað er um grunnástand vatnshlotanna Gilsá 1 og 2 í skýrslunni kemur fram að vistfræðilegt ástand beggja vatnshlotanna sé mjög gott og efnafræðilegt ástand gott samkvæmt vatnavefsí. Fram kemur í vatnavefsí að vistfræðilegt ástand vatnshlotanna hafi verið handflokkað sem mjög gott út frá líkindum (29.06.2023) en að þörf sé á gögnum til að staðfesta ástandsflokkunina og að efnafræðilegt ástand þeirra sé óþekkt.

Stofnunin bendir á að búið er að gefa út leiðbeiningar fyrir framkvæmdaaðila um hvernig beri að framkvæma mat á áhrifum framkvæmda á vatnshlot¹ en vitnað er í leiðbeiningarnar í kafla 4.4.4. þar sem fjallað er um grunnástand og að Náttúrustofa Austurlands hafi sumarið 2024 rannsakað líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti vatnshlota í samræmi við kröfur og leiðbeiningar um mat á áhrifum framkvæmda á vatnshlota. Umhverfis- og orkustofnun telur jákvætt að búið sé að gera rannsóknir á vatnalífriki og meta hvort og þá hvaða breytingar verða á vatnshlotum vegna fyrirhugaðrar Gilsárvirkjunar fyrir vatnshlotin Gilsá 1, Gilsá 2 og Selfjót 1. Samkvæmt umhverfismatsskýrslunni hafa áhrif framkvæmdarinnar á vatnsformfræðilega gæðapætti ekki verið metin að fullnustu, en Náttúrustofa Austurlands gerði skimun á vatnsformfræði vatnshlotanna. Fram kemur í umhverfismatsskýrslunni að rennslisbreytingar og gerð inntakslóns geti leitt til þess að ástand vatnshlotsins Gilsár 2 rýrni og nái ekki umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir það og fram kemur að Orkusalan muni sækja um heimild til Umhverfis- og orkustofnunar til breytingar vatnshlots í samræmi við 18 gr. laga

¹ [Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot.](#)

um stjórn vatnamála. Einnig að vatnshlotið Gilsá 1 muni að öllum líkindum áfram ná að uppfylla vistfræðileg og efnafræðileg umhverfismarkmið sín og muni ekki falla um ástandsflokk.

Í umhverfismatsskýrslunni (byggt á skýrslu Náttúrustofu Austurlands) er það nefnt að við byggingu Gilsárvirkjunar verður breyting á vatnsformfræði Gilsár 2, þar sem stífla/stíflur verða reistar í árfarveginum, innstakslón myndað og rennslisbreytingar verða í ánni neðan stíflu og að helst megi búast við breytingum á lífríki frá því sem áður var neðan stíflu vegna rennslisbreytinga og í inntakslóninu. Ekki sé nákvæmlega hægt að segja fyrir um hverjar breytingarnar verða nema með rennslismælingum og vöktun á líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum eftir að virkjun hefur verið reist.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að það að setja upp vatnsaflsvirkjun breytir vatnsformfræðilegum eiginleikum vatnshlots sem í flestum tilfellum hefur áhrif á líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti vatnshlotsins. Því er mikilvægt að það liggi fyrir hverjar breytingarnar verði áður en framkvæmdaraðili hyggst óska eftir heimild til breytingar vatnshlots skv. 18 gr. laga um stjórn vatnamála, slíkt verður ekki gert með vöktun eftir að virkjun hefur verið reist. Ef að ljóst er samkvæmt áhrifamati (þar sem allir gæðapættir hafa verið metnir og breytingarnar sem hafa áhrif á þá) að umhverfismarkmið vatnshlots næst ekki og sækja á um heimild til breytingar vatnshlots, þá þarf að meta í hvaða ástand vatnshlot mun fara við framkvæmdina. Setja þarf fram mótvægisaðgerðir sem miða að því að upphefja ástand vatnshlotanna sem verða fyrir áhrifum og þurfa þær mótvægisaðgerðir að tryggja að vatnshlotið sem breytingin nær til nái a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og fyrir mikið breytt vatnshlot góðu vistmegni.

Umhverfis- og orkustofnun bendir einnig á að í 5. gr. laga nr. 42/2025 um breytingu á raforkulögum og lögum um stjórn vatnamála (flýtimeðferð og breyting á vatnshloti) kemur eftirfarandi fram:

„Sé framkvæmd háð leyfi Umhverfis- og orkustofnunar skal framkvæmdaraðili í umsókn um slíkt leyfi óska jafnframt eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti. Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar vegna beiðni um breytingu á vatnshloti skal þá vera hluti af ákvörðun stofnunarinnar um veitingu leyfisins. Um kæruheimildir vegna ákvörðunar um útgáfu leyfisins gilda ákvæði þeirra laga sem taka til viðkomandi leyfisákvæðana.“

Loftslag og orkuskipti

Í 4. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er fjallað um efni umhverfismats og taldir upp þeir umhverfisþættir sem fjalla skal um í matinu. Áhrif framkvæmdar á loftslag er einn þeirra þátta sem nauðsynlegt er að fjalla um. Í umhverfismatsskýrslu er ekki að finna umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á loftslag.

Umfjöllun um loftslag þarf að miða að því að gera grein fyrir þeirri losun sem stafar af framkvæmdinni en til losunar frá framkvæmd telst bæði bein og óbein losun frá framkvæmdinni.

Markmið laga um loftslagsmál nr. 70/2012 er meðal annars að draga úr losun kolefnis. Við byggingu vatnsaflsvirkjana losna gróðurhúsalofttegundir þar sem jarðvegsrask veldur losun kolefnis út í andrúmsloftið og einnig er komið í veg fyrir framtíðar kolefnisbindingu.

Nauðsynlegt er að gera grein fyrir mótvægisaðgerðum til að lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda vegna framkvæmdarinnar, sem dæmi um mótvægisaðgerðir má nefna endurheimt votlendis eða skógrækt.

Fram kemur að tilgangur framkvæmdarinnar sé að svara eftirspurn eftir raforku á Austurlandi, minnka bruna jarðefnaeldsneytis á Íslandi og styðja við orkuskipti í landshlutanum. Færa má rök fyrir því að fyrirhuguð virkjun komi til með að stuðla að minni notkun jarðefnaeldsneytis og stuðla þannig að orkuskiptum í landshlutanum en Umhverfis- og orkustofnun telur að í umhverfismatsskýrslu hefði átt að gera grein fyrir áhrifum framkvæmdar á loftslag og mótvægisaðgerðum til að lágmarka neikvæð áhrif af framkvæmdinni.

Hollustuhættir og mengunarvarnir

Fram kemur í kafla 2.9. í umhverfismatsskýrslunni að heilbrigðiseftirlit veiti starfsleyfi fyrir atvinnurekstri sem getur haft í för með sér mengun skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að ýmsir þættir framkvæmdarinnar geta verið starfsleyfisskyldir og mikilvægt að sótt sé um öll tilskilin leyfi.

Umhverfis- og orkustofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að við framkvæmdina sé mengun haldið í lágmarki, s.s. frá vinnuvélum og eldsneyti en gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við áform varðandi kröfur um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Virðingarfyllt,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur



Skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 23.7.2025

Málsnúmer: 202506-0023

IAS

Efni: Gilsárvirkjun í Múlaþingi. Umhverfismatsskýrsla.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 13. júní 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um Gilsárvirkjun í Múlaþingi.

Orkusalan ehf. áformar byggingu nýrrar vatnsaflsvirkjunar ofarlega í Gilsá í Eiðaþinghá í Múlaþingi. Framkvæmdin sem um ræðir er allt að 6,7 MW vatnsaflsvirkjun sem virkjar allt að 3,0 m³/s rennsli með 277 m fallhæð. Framkvæmdin felur í sér byggingu stíflu og stöðvarhúss, uppbyggingu vegar og lagningu á 6.100 m langri aðrennslispípu og safnlögnum. Áætluð efnispörf er 65.000 m³. Framkvæmdasvæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og óbyggt svæði.

Í umhverfismatsskýrslu er einnig skoðaður valkostur B, sem ekki var í matsáætlun, en í valkosti B er ekki gert ráð fyrir inntaki í Ytri-Lambadalsá en þá verður tryggt meira rennsli í farvegi Gilsár öllum stundum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og telur að vel sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og mögulegum umhverfisáhrifum hennar. Stofnunin tekur undir þá niðurstöðu umhverfismatsskýrslunnar að framkvæmdin hefur neikvæð áhrif á alla náttúrufarsþætti, nokkuð neikvæð á vatnalíf og vatnafar en óveruleg neikvæð áhrif á gróður, dýralíf, jarðminjar og ásynð. Þá verður skerðing á víðernum. Valkostur B hefur minni neikvæð áhrif á vatnalíf og vatnafar en svipuð áhrif á aðra náttúrufarsþætti.

Náttúrufræðistofnun bendir á að nokkrar af þeim fuglategundum sem sáust á athugunarsvæðinu hafa farið á valista eftir að umhverfismatsskýrslan var gerð, þetta eru heiðlóa, snjótittlingur og spói sem eru metnar í nokkurri hættu og jarðrakan og straumönd sem eru metnar í yfirvofandi hættu. (<https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla-2025>)

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b,
105 Reykjavík



Mál nr. 226/2024, Gilsárvirkjun í Múlaþingi

Umsögn Vegagerðarinnar við kynningu umhverfismatsskýrslu vegna
Gilsárvirkjunar í Eiðáþinghá.

Vísað er til erindis frá Skipulagsstofnun dags. 13. júní sl. þar sem óskað er eftir umsögn Vegagerðarinnar um kynningu umhverfismatsskýrslu vegna Gilsárvirkjunar sem unnin hefur verið á grundvelli 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Siða 1/2

Vegagerðin vísar til fyrri umsagna vegna málsins við kynningu matsáætlunar og umsögn að loknu áliti Skipulagsstofnunnar um matsáætlun.

Vegagerðin ítrekar áhyggjur að leiðarvali vegna þungaflutninga frá Borgarfjarðarvegi að framkvæmdasvæði. Eins og fram hefur komið í fyrri samskiptum er brú yfir Gilsá á Gilsárteigsvegi ekki í því ástandi að unnt sé að fara með þungaflutninga um hana enda hefur Vegagerðin vísað á Brennistaðaveg.

Ekki eru fyrirhugaðar framkvæmdir, svo sem styrkingar vega eða brúa á áhrifasvæði framkvæmdanna og ekki gert ráð fyrir fé vegna þeirra.

Vegagerðin minnir á að ef álag vegna framkvæmda skaðar núverandi vegi ber framkvæmdaraðili allan kostnað vegna lagfæringa.

Í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda óskar Vegagerðin eftir að framkvæmdaraðili leggi fram áætlanir um umferð á framkvæmdasvæðinu á bæði framkvæmda- og rekstrartíma. Sérstaklega er óskað eftir upplýsingum um:

- Heildarfjöldi ferða á dag/viku/mánuði.
- Hlutfall og umfang þungaumferðar (t.d. vörubílar, vinnuvélar o.p.h.).
- Tímasetningar helstu álagstíma.
- Áhrif á nærliggjandi vegakerfi og umferðaröryggi.

Þessar upplýsingar eru mikilvægar til að meta áhrif framkvæmdanna á vegakerfi á svæðinu.

Vegagerðin

Suðurlhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Vegagerðin minnir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Valgeir Ægir Ingólfsson



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavarðarsvið Suðurgötu
39 101 Reykjavík
(354) 570 13 14
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

25. júlí 2025
MÍ202506-0076/ 6.07 / Þ.H.

Efni: Gilsárvirkjun í Múlapingi (nr. 0226/2024). Kynning umhverfismatsskýrslu.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið erindi Skipulagsstofnunar í Skipulagsgáttinni, þar sem óskað er eftir umsögn um umhverfismatsskýrslu vegna áforma Orkusölunnar ehf um að reisa 6,7 MW vatnsaflsvirkjun í Gilsá í Múlapingi. Umhverfismatsskýrslan var unnin af EFLU verkfræðistofu og dagsett 10. júní 2025. Meðal fylgiskjala var fornleifaskráning sem unnin var af Sagnabrunni; Rannveig Þórhallsdóttir: *Fornleifaskráning vegna virkjanaframkvæmda hjá Gilsá, Eiðapinghá, Múlapingi* (útg. 2022). Á þessum tíma lá nákvæm staðsetning efnistökusvæða og mannvirkja ekki fyrir og því fór sami fornleifafræðingur aftur á vettvang 2024 og var afraksturinn gefinn út í skýrslu; *Viðbótarskráning vegna virkjanaframkvæmda hjá Gilsá, Eiðapinghá, Múlapingi* (útg. 2024). Skráningar þessar eru fullnægjandi fyrir ofangreint umhverfismat vegna menningarminja, sbr. 15. og 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Þór Hjaltalín
Sviðsstjóri
thor@minjastofnun.is

Í umhverfismatsskýrslunni er fjallað um áhrif framkvæmdanna á fornleifar í kafla 4.6 (bls. 144-150). Alls voru skráðar 11 fornleifar innan fyrirhugaðra framkvæmdasvæða og eru 4 þeirra sagðar vera í hættu. Um er að ræða eftirfarandi minjar:

2788-7 Selið, beitarhús. Er um 16 m frá þrýstipípu og því nokkuð nærri framkvæmdasvæðinu. Gert er ráð fyrir að girða minjarnar af á framkvæmdatíma og tryggja að þær verði ekki fyrir raski.

2788-9 Ræsi/hleðsla, Talið vera gert í tengslum við vegaframkvæmdir árið 1884. Gert er ráð fyrir að gera hlykk á veginn og sveigja þannig frá ræsinu og komst þannig hjá raski á minjunum.

2788-10 Forn leið/hlaðinn vegur. Hleðslurnar eru sennilega frá vegagerðinni 1884. Minjar þessar eru í töluverðri fjarlægð frá


Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnarsýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

framkvæmdasvæðinu (bls. 148) og verða ekki fyrir áhrifum af völdum framkvæmda.

2788-11 *Varða.* Lendir á miðju framkvæmdasvæði og eru því líkur á raski taldar miklar. Varða þessi virðist ekki vera hluti af neinu vörðukerfi og er álitamál hvort um fornleifar sé að ræða. Varðan hefur verið hnitsett, ljósmynduð og skráð í fyrirbyggjandi fornleifaskráningu og telst það fullnægjandi mótvægisáðgerð. Heimilt er að fjarlægja hana ef nauðsynlegt reynist.

Ljóst er að upp gilið með ánni liggur forn leið og var vegurinn byggður upp árið 1884. Ummerki um þá vegaframkvæmd eru ofangreindar hleðslur, þ.e. ræsi (2788-9) og hleðsla (2788-10). Hleðslur í veginum voru ekki greinanlegar á öðrum stöðum leiðarinnar. Þótt vegurinn verður nýttur áfram og byggður upp að hluta, þarf að leitast við að valda ekki raski á honum að nauðsynjalausu.

Minjastofnun Íslands telur umfjöllun um menningarminjar greinargóða og hefur ekki frekari athugasemdir um matsskýrsluna.

Virðingarfyllst,

Þór Ingólfsson Hjalte
Sviðstjóri minjavarðasviðs

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 29. júlí 2025
Tilv.2025-06-13-0638/2.4.1

Efni: Varðar umsagnarbeinði um Gilsárvirkjun í Múlapingi

Með erindi úr Skipulagsgátt þann 13. júní síðastliðinn leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu framkvæmda sem varða fyrirhugaða byggingu nýrrar vatnsaflsvirkjunar ofarlega í Gilsá í Eiðapinghá í Múlapingi. Framkvæmdin sem um ræðir er 6,7 MW vatnsaflsvirkjun og felur framkvæmdin í sér byggingu stíflu, stöðvarhúss, lagningu 6,5 km langs vegar og 6.100 m langrar aðrennslispípu. Málið er í kynningarferli og er nr. 226/2024. Fram kemur í meðfylgjandi gögnum að:

„Það er því mat framkvæmdaraðila að áhrif Gilsárvirkjunar séu talsvert neikvæð á bæði vatnafar og vatnalífriki niður að ármótum við Núpsá. Er það ekki vegna sérstöðu eða fjölbreytileika lífríkis, heldur einkum vegna lengd árkafla milli stíflu og stöðvarhúss sem verður fyrir verulega skertu rennsli, og vegna varanleika áhrifa, en líftími virkjunarinnar er margir áratugir. Áhrif á vatnalífriki eru þó að mestu afturkræf verði virkjunin tekin úr rekstri og vatn fær að renna óhindrað niður farveginn. Áhrif valkostar B eru svipuð, nema hvað meira rennsli er tryggt öllum stundum í farvegi Gilsár neðan ármóta við Ytri-Lambadalsá. Áhrif á vatnalífriki verða því minni, einkum neðan stöðvarhúss á fiskgengu svæði árinna. Áhrif valkostar B á vatnafar og vatnalífriki niður að ármótum við Núpsá eru því metin nokkuð neikvæð. Þar fyrir neðan eru þau óveruleg.“

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Með umsókn skal fylgja álit viðkomandi veiðifélags og umsögn sérfræðings um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Sækja má um leyfi með rafrænum hætti á vefsíðu Fiskistofu: <https://island.is/leyfi-fiskistofu>.

Virðingarfyllst,
F.h. Fiskistofu

Hera K. Aradóttir

Hera K. Aradóttir
Sérfræðingur lax- og silungsveiðisviðs



Skipulagsstofnun

Borgartún 7b

105 Reykjavík

b.t. Jakob Gunnarsson

Málsnr. 2024-02-0078

Hafnarfjörður 31.7.2025

Efni: Umsögn um matsáætlun Orkusölnunnar ehf. vegna allt að 6,7 MW vatnsaflsvirkjunar í Gilsár í Eiðapinghá í Múlaþingi.

Í tölvubréfi Skipulagsstofnunar dagsettu 13. 06. 2025 er þess óskað að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um matsáætlun Orkusölnunnar ehf. vegna allt að 6,7 MW vatnsaflsvirkjunar í Gilsár í Eiðapinghá í Múlaþingi.

Í matsáætlun kemur víða fram að vatnalífrikið sé fábrotið, lítið, ófrjósamt og svo framvegis. Að mati Hafrannsóknastofnunar er engu að síður mikilvægt að hafa í huga að lífríkið er ekkert ómerkilegt, vistkerfin veita ákveðna vistkerfisþjónustu og sú framkvæmd sem hér er lýst mun hafa áhrif á líffræðilega fjölbreytni.

Því er slegið fram að lax í Gilsá séu leifar af miklum seiðasleppingum áður fyrr, eins og það á einhvern hátt rýri gildi hans. Það kann að vera rétt að seiðasleppingar eigi hér hlut í máli en um það er óvissa og ljóst að hlýnandi veðurfar er að valda breytingum á útbreiðslu laxfiska á Íslandi og hefur útbreiðslusvæði sumra tegunda farið stækkandi.

Mögulegum mótvægisáðgerðum er flestum ýtt til hliðar vegna hagkvæmnissjónarmiða. Þannig myndi vistrennsli (e. Eco flow) taka of stóran hluta vatnsins til þess að virkjun væri hagkvæm. Rétt er að benda á að við hönnun virkjunar þarf að taka á þessum þáttum og mikilvægt að draga úr áhrifum vatnsborðsveifla eins og kostur er. Sveiflur til að mæta orkuþörf á milli dags og nætur er algengt fyrirbrigði erlendis og margvíslegar lausnir í hönnun hafa verið kynntar (sjá t.d. Forseth og Harby, ritstj. 2014. Handbook for environmental design in regulated salmon rivers. NINA Special Report 53. 90 pp.)

Hafrannsóknastofnun vill minna á að mikilvægt er að þess verði gætt að óþarfa rask verði ekki s.s. af umferð tækja og að mengandi efni berist ekki í vatn á svæðinu. Vakin er athygli á að helstu lög sem taka til framkvæmda í og við vatn eru skipulags- og byggingarlög (nr. 73, 1997), lög um lax- og silungsveiði (nr. 61, 2006) og lög um náttúruvernd (nr. 60, 2013).

Í 33. gr. laga Nr. 61/2006 um Lax- og silungsveiði með síðari breytingum segir m.a. svo: „Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu ... Með umsókn framkvæmdaraðila eða landeiganda til Fiskistofu um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skulu fylgja álit viðkomandi veiðifélags“.

Þá bendir stofnunin á lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, en markmið þeirra er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Við allar framkvæmdir í ám og vötnum skal því leita allra leiða til þess að komast hjá því að vatnsgæði spillist og að afkoma lífríkis í vatni versni við framkvæmdir. Nauðsynlegt er að huga að mótvægisáðgerðum sem stuðla að því að áhrif framkvæmdanna verði sem minnst. Dæmi um mótvægisáðgerðir í vatnsaflsvirkjunum er að tryggja að alltaf sé allavega lágmarks vatn í farvegum virkjaðra straumvatna þar sem ekkert vatnalífriki þrífst án vatns. Þá vill stofnunin benda

á að í 18. gr laga þessara er fjallað um að leita þarf til Umhverfis og orkustofnunar um heimild til breytinga á vatnshloti sem hefur í för með sér að ekki er hægt að ná fram umhverfismarkmiðum skv. 11. gr sömu laga.

Stofnunin áréttar nauðsyn þess að gerð verði rannsókn á lífríki í vatni áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdir og eftir því sem við á eftir framkvæmdir, sem taki til allra vatnshlota á áhrifasvæðinu.

Hafrannsóknastofnun bendir á að landeigendur og félög þeirra sem eiga nýtingarrétt til lax- og silungsveiði á áhrifasvæði framkvæmdarinnar verði upplýstir um gang mála. Um er að ræða verðmæta náttúru og afar mikilvægt að sem best þekking sé á lífríki og náttúrufari árinna og áhrifasvæða, þegar kemur að ákvörðunum um væntanlegar framkvæmdir.

F. h. Hafrannsóknastofnunar



Sveinn Kári Valdimarsson

Mál nr. 0226/2024 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0226/2024, Gilsárvirkjun í Múlaþingi ()

Athugasemd:

HAUST gerir ekki athugasemdir við máls nr. 226/2024 á skipulagsgátt.

Kveðja

Lára Guðmundsdóttir
Framkvæmdastjóri
Heilbrigðiseftirlit Austurlands
474-1235 / 893-0119

Höfundur: Jakob Gunnarsson

Sent inn þann: 31.07.2025, **Fyrir hönd:** Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Garðabær, 8. ágúst 2025
202506-0065/A.B.
08.03

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum - Gilsárvirkjun í Múlapingi Skipulagsstofnun.

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar frá 13. júní 2025, þar sem óskað er eftir umsögn um umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar Gilsárvirkjunar í Eyjafirði. Um er að ræða vatnsaflsvirkjun með áætlaða uppsett aflgetu allt að 4,5 MW og árlega raforkuvinnslu allt að 25 GWh. Fyrirhuguð virkjun felur m.a. í sér stíflu í Gilsá ofan við Gilsárfoss, lagningu dýpisstýrðrar inntaksleiðslu, stokk og aðrennissliskurð, stöðvarhús við Gilsá neðan Skógar, lagningu nýs aðkomuvegar, flutningslínu og frágang raskaðs lands.

Framkvæmdasvæðið er á mörkum jarðanna Miðskógar og Ytri-Skógar í Eyjafjarðarsveit. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að virkjunin muni nýta fall Gilsár á um 160 metra kafla og að meginmarkmið framkvæmdarinnar sé að auka framleiðslu endurnýjanlegrar raforku innan viðkomandi dreifikerfis. Í greinargerð er jafnframt gerð grein fyrir því að virkjunin muni ekki hafa áhrif á lax- eða silungsstofna í Gilsá og að umfang rasks verði að miklu leyti takmarkað við afmörkuð svæði.

Votlendi

Náttúruverndarstofnun bendir á að votlendi nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í skýrslunni er áætlað að rask á slíku votlendi verði um 0,27 ha. Fram kemur að leitast hafi verið við að forðast votlendissvæði eins og kostur var, og að áhrifin verði „óveruleg ef nokkur“. Þá kemur einnig fram að pípur og vegir fari að mestu leyti utan votlendissvæða.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr.

60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi (Umhverfis- og orkustofnun vegna virkjunarleyfis og sveitarfélag vegna framkvæmdaleyfis) að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Náttúruverndarstofnun telur að það komi ekki nægilega skýrt fram í greinargerð hvaða leiðir verða farnar til að raska ekki votlendi og til hvaða mótvægisáðgerða verður farið í ef til röskunar kemur. Mótvægisáðgerðum í formi endurheimt votlendis ætti að vera lýst ítarlega í vöktunaráætlun framkvæmdar að mati Náttúruverndarstofnunar, þar sem tilgreint er m.a. samráð við sérfræðinga votlendisendurheimtar við ákvörðun á staðsetningu, aðferðum og umfangi þess.

Stofnunin áréttar að þar sem ekki er hægt að forðast rask á vistgerðum með verndargildi eða svæðum undir sérstakri vernd er góður frágangur rasksvæða og fullnægjandi mótvægisáðgerðir forsendur þess að umhverfisáhrif framkvæmdar verði ekki umtalsverð. Brýnt er að vöktunaráætlun framkvæmdar tryggi ofangreint.

Fossar og áhrif á jarðmyndanir

Í Gilsá eru fossar, þar á meðal Olnbogafoss og fleiri smærri fossar á kaflanum milli fyrirhugaðs stíflustaðar og stöðvarhúss, sem njóta sjálfkrafa verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins nær verndin bæði til fossanna sjálfra og nánasta umhverfis þeirra, að því leyti að sýn að þeim spillist ekki. Slíkar jarðmyndanir hafa bæði náttúrufræðilegt og fagurfræðilegt gildi í landslagi Gilsárdals.

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að framkvæmdir muni skerða rennsli um þessa fossa, einkum að vetrarlagi. Áhrifin eru sögð afturkræf að mati framkvæmdaraðila og sjónræn áhrif óveruleg. Engin tillaga er þó sett fram um mótvægisáðgerðir og hvorki er sýnt fram á að áhrifin séu óhjákvæmileg né rökstutt að þau uppfylli skilyrði 61. gr. laganna.

Náttúruverndarstofnun bendir á að skerðing á rennsli fossa telst sem rask á vernduðum náttúruminum samkvæmt 61. gr., óháð því hvort sjónræn áhrif séu lítil. Samkvæmt 4. mgr. greinarinnar ber leyfisveitendum að meta hvort framkvæmdin sé nauðsynleg vegna brýnna almannahagsmuna, hvort vægari útfærslur séu mögulegar og hvort gripið verði til mótvægisáðgerða. Slík afstaða verður að byggjast á skýrum rökum.

Í umhverfismatsskýrslunni vantar verulega upp á að þessi skilyrði séu rædd með fullnægjandi hætti:

- Ekki er tekin sjálfstæð afstaða til verndargildis fossanna eða mikilvægi þeirra sem náttúruminja.
- Almannahagsmunir eru nefndir í almennum orðum án þess að rökstyðja að framkvæmdin sé nauðsynleg á þessum stað.
- Vægari útfærslur eru ekki greindar með kerfisbundnum hætti og engar mótvægisáðgerðir eru settar fram vegna fossanna.

- Ekki er vikið að áhrifum á ásýnd eða sýnileika fossanna að sumri til.

Af þeirri ástæðu telur Náttúruverndarstofnun að ekki liggi fyrir nægjanlegur grundvöllur fyrir leyfisveitingu að óbreyttu. Leyfisveitendum – Umhverfis- og orkustofnun vegna virkjunarleyfis og sveitarfélaginu vegna framkvæmdaleyfis – ber að meta áhrif framkvæmdarinnar á verndaða fossa og rökstyðja sérstaklega ákvörðun sína, sbr. 5. mgr. 61. gr. Þá skal afrit af leyfi sent Náttúruverndarstofnun áður en það tekur gildi, skv. 6. mgr. greinarinnar.

Að lokum áréttar Náttúruverndarstofnun að sú staðhæfing framkvæmdaraðila að áhrifin séu afturkræf leysir leyfisveitendur ekki undan þeirri lagaskyldu að taka rökstudda afstöðu samkvæmt 61. gr. Rask á vernduðum náttúruminum, þar á meðal tímabundin skerðing á rennsli fossa, telst rask í skilningi laganna og kallar á mat á almannahagsmunum, öðrum valkostum og mótvægisáðgerðum áður en leyfi er veitt.

Vistgerðir

Á framkvæmdaáhrifasvæðinu eru margvíslegar vistgerðir, m.a. lyngmóar, mólendi og rústamýri, þar af hluti sem telst með hátt verndargildi hjá Náttúrufræðistofnun. Í matsskýrslunni er fullyrt að gróður svæðisins sé hvorki sjaldgæfur né friðaður, að engar sjaldgæfar æðplöntur finnast og að pípuleiðin hafi verið sveigð hjá votlendi. Raskið sé að mestu línulegt og svæðið muni gróa upp aftur.

Þrátt fyrir þetta vantar sundurliðaðar upplýsingar um hve stór hluti rasksins lendir á vistgerðum með hátt verndargildi eða hvaða áhrif slíkt rask hefur á vistkerfi og tengsl svæðisins við nágrennið. Einnig er óljóst hvort einhverjar vistgerðir uppfylli alþjóðlegar verndarkröfur, t.d. Bernarsamninginn, og hvort skoðaðir hafi verið valkostir sem draga úr raski.

Mótvægisáðgerðir í skýrslunni takmarkast við almennar yfirlýsingar um uppgræðslu og góðan frágang; en óljóst er hvort settar séu fram sértækar áætlanir um endurheimt fyrir vistgerðir með hátt verndargildi og hvort sé gert ráð fyrir samráði við sérfræðinga eða vöktun til að tryggja árangur.

Náttúruverndarstofnun bendir á auglýsingu nr. 1385/2021¹ um friðun æðplantna, mosa og fléttna en samkvæmt henni eru þær plöntur sem friðunin nær til friðaðar hvar sem þær finnast. Markmið friðunarinnar er að vernda og viðhalda fágætum æðplöntum, mosum og fléttum og náttúrulegu gróðurfari og varðveita líffræðilega fjölbreytni í náttúru landsins. Í greinargerð kemur fram að engar sjaldgæfar eða friðaðar æðplöntur (virðist ekki verið vísað í auglýsinguna) hafi fundist á svæðinu; samt sem áður ber að taka mið af auglýsingunni, þannig að ef friðaðar tegundir finnast á framkvæmdaáhrifasvæði sé gripið til viðeigandi verndarráðstafana.

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Fuglalíf

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum

¹ <https://ust.is/library/sida/Nattura/Pl%c3%b6ntufri%c3%b0un.pdf>

dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Framkvæmdaraðili lét gera fuglatalningar sumrin 2022 og 2024 sem Náttúruverndarstofnun telur vera jákvætt. Í þeim talningum kom fram að innan framkvæmdasvæðisins er m.a. heiðlóa og straumönd sem eru ábyrgðartegundir, rjúpa og snjótittlingur sem eru hvor tveggja á válista², hrafn sem verpir í klettum, jaðrakan og spói sem er ábyrgðartegund verpa í votlendi og flæðimýrum í grennd við Gilsá. Aðrar tegundir sem sáust voru hrossagaukur, sendlingur, tjaldur og hettumáfur.

Mótvægisaðgerðir

Hugað er að mótvægisaðgerðum, en óljóst er hvort lagðar séu fram sértækar mótvægisaðgerðir vegna fuglalífs. Að mati stofnunarinnar þarf að skoða þetta nánar og leggur stofnunin til að:

- Viðhalda lágmarksrennsli í Gilsá yfir varp- og sumartíma til að tryggja fæðuöflun straumandar og annarra vatnafugla.
- Taka tillit til varptíma – forðast jarðrask og hávaða á helsta varptíma (maí–júní) til að vernda heiðlóu, jaðrakan og aðrar tegundir.
- Endurheimta varpstaði í mólendi og árbökkum með markvissri endurheimt gróðurs og frágangi að loknum framkvæmdum svo fuglar geti hafið varp á ný.
- Setja fram og fylgja vöktunaráætlun til að meta árangur þessara mótvægisaðgerða, fylgjast með varpþéttleika og fæðuöflun fugla og gera viðeigandi úrbætur ef á þarf að halda.

Nánara mat og endurskoðun á mótvægisaðgerðum er því nauðsynlegt áður en leyfisveitendur geta lagt fram rökstudda afstöðu til áhrifa virkjunar á fuglalíf.

Ásýnd og landslag

Samkvæmt 69. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 skal þess gætt við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja að þau falli sem best að svipmóti lands. Þetta atriði skal tekið til sérstakrar afstöðu við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna.

Náttúruverndarstofnun bendir á að hönnun mannvirkja, litaval, efnisval og landmótun þurfa að vera hluti af heildaráætlun sem taki mið af 69. gr. laga nr. 60/2013. Í því felst að leggja skal fram tillögur um að fella mannvirki sem best að landslagi með lágmarksraski á jarðvegi og gróðri, stilla hæð og stærð mannvirkja í hóf, og nota jarðlit að ytri klæðningu og vallarfóðrun til að draga úr sjónrænum áhrifum.

Óljóst er hvort að upplýsingar liggja fyrir um hönnun háspennulínu frá stöðvarhúsi, sem geta haft veruleg áhrif á ásýnd; slík atriði þurfa jafnframt að koma fram og vera metin með hliðsjón af 69. gr.

Rekstrarlok

Í umhverfismatsskýrslu er bent á að skerðing á rennsli Gilsár milli stíflu og stöðvarhúss sé „að mestu leyti afturkræf“ ef virkjunin yrði tekin úr rekstri. Sú umfjöllun er hins vegar nokkuð stutt og óljóst hvort tekið sé heildstætt tillit til þeirra umhverfispátta sem verulega munu skipta máli við rekstrarlok.

Náttúruverndarstofnun gerir sérstaklega athugasemdir við eftirfarandi atriði sem huga þarf að:

- Niðurrif og frágangur mannvirkja.
- Endurheimt raskaðra svæða.
- Vöktun og matsáætlun. Fram kemur hvorki hvort endurheimt svæða verði hluti af vöktunaráætlun né hvernig árangur mótvægisaðgerða verði metinn yfir tíma. Leiðbeiningar

² <https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla-2025>

Skipulagsstofnunar gera ráð fyrir að tilgreint sé hvort framkvæmd sé afturkræf og hvernig endurheimt raskaðra svæða verði háttað.

Náttúruverndarstofnunar leggur til að framkvæmdaraðili:

- Útbúi áætlun um niðurrif mannvirkja og frágang sem lýsir hvaða mannvirki verða fjarlægð og hvernig þeim verður fargað, hvernig viðgerðir og mótvægisaðgerðir verða framkvæmdar á þeim svæðum sem hafa orðið fyrir raski, og hvaða aðferðir verða notaðar til að endurheimta landslag og gróður.
- Setja fram markmið um endurheimt og ásýnd. Tilgreina hvaða markmiðum á að ná hvað varðar gróðurfar, landlag, jarðveg og ásýnd, og hvernig tryggt verður að svæðið endurheimtist að fullu eftir niðurrif.
- Innleiða vöktunaráætlun sem nær til rekstrarloka. Vöktunaráætlunin þarf að skilgreina mælikvarða fyrir árangur endurheimtar og vera hluti af mótvægisaðgerðum sem leyfisveitendur notað.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Hákon Ásgeirsson

sviðsstjóri

Vegna: Máls nr. 0226/2024, Gilsárvirkjun í Múlþingi ()

Athugasemd:

LogS gerir engar athugasemdir við skýrsluna.

kv. Páll Sig.

**Páll
Sigurðsson**

skipulagsfulltrúi / consultant en planification

Land og skógur / Terre et forêt, Islande

Austurvegi 3 gengið inn vestanmegin, 800 Selfossi - facile à trouver!

pall.sigurdsson@landogskogur.is (mailto:pall.sigurdsson@landogskogur.is)

Sími (+354) 570-5550

landogskogur.is (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.landogskogur.is%2F&data=05%7C02%7CJakob.Gunnarsson%40skipulag.is%7C8460c73117bd45aece1208ddd5c818a9%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638901777571960674%7CUnknown%7CTWFPbGZsb3d8eyJFbXB0eU1hcGkiOnRydWUsIlYiOiIwLjAuMDAwMCIsIlAiOiJXaW4zMtIsIkFOIjoiTWFpbCIsIlldUIjoyfQ%3D%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=iF6114wnnVidkoaPeifZuDstg8ZSQO71veF2%2FcnaN1w%3D&reserved=0)

Höfundur: Jakob Gunnarsson

Sent inn þann: 08.08.2025 , **Fyrir hönd:** Land og skógur

Múlaþing 25. júlí 2025.

Efni: Umsögn Veiðifélags Selfljóts vegna umhverfismatsskýrslu Gilsárvirkjunar.

Stjórn Veiðifélags Selfljóts hefur tekið til athugunar umhverfismatsskýrslu Gilsárvirkjunar sem er fyrirhuguð framkvæmd á vegum Orkusölnunnar. Eins og kemur fram í matsskýrslunni er um að ræða 6,7 MW rennslisvirkjun með dægurmiðlunarmöguleika. Lagðir eru fram tveir mögulegir framkvæmdavalkostir A og B, þar sem í valkosti B er ekki gert ráð fyrir nýtingu rennslis úr Ytri-Lambadalsá til að draga úr neikvæðum áhrifum rennslisskerðingar á Gilsá/Selfljót neðan Ytri-Lambadalsár.

Í upphafi lýsir stjórn Veiðifélags Selfljóts yfir furðu sinni að ekki hafi verið leitað til hennar við gerð skýrslunnar við sannreyningu upplýsinga svo og að þáttum er snúa að nýtingu veiðisvæða. Kemur það berlega í ljós þegar lesið er í gegnum skýrsluna að lítið er gert úr þeim hagsmunum er snúa að veiði í ánni. Talað er um að veiði á þeim svæðum sem verða fyrir mestum áhrifum af virkjuninni, svæðum 6 og 7, sé ekki mikil og er þar stuðst við uppgefnar veiðitölur úr ánni. Birt er niðurbrot á veiði á árabílinu 2021 til 2024 og yfirlit um heildarveiði einungis 13 ár aftur í tímann. Ekki er tekið tillit til veiðiálags (fjölda stangardaga á bakvið hvern veiddan fisk) né þeirri spurningu varpað upp hvað gæti skýrt minnkandi veiði. Þekkt er að þó nokkur brögð eru að því að veiðimenn skrái ekki allan afla, á það við um allar tegundir og öll svæði í ánni. Stjórnin sér sig knúna til að bæta hér aðeins úr og leggja sér fram tölur um veiði á svæðum 6 og 7 auk yfirlits yfir heildarveiði í ánni á tímabilinu 2006-2012.

Ár	Lax		Bleikja		Urriði		Heildarveiði á öllum svæðum			
	Svæði 6	Svæði 7	Svæði 6	Svæði 7	Svæði 6	Svæði 7	Lax	Bleikja	Urriði	Samtala
2006	11	16	11	52	19	7	46	358	132	536
2007	31	29	5	33	44	11	108	294	222	624
2008	9	11	2	20	16	12	73	292	152	517
2009	30	23	9	33	34	10	89	201	146	436
2010	28	9	6	18	37	9	103	291	325	719
2011	68	10	1	15	19	5	121	112	179	412
2012	9	0	0	3	9	8	42	159	246	447
Meðaltal	27	14	5	25	25	9	83	244	200	527

Það er ljóst að fiskstofnar árinna hafa verið í hnignun undanfarin ár, það þekkjum við sem búum við ánni og höfum stundað veiðar þar áratugum saman. Þetta er ekki bundið við

Selfljót og Gilsá eingöngu heldur á við flestar ár á landinu. Náttúrulegir stofnar hafa verið á undanhaldi vegna ýmissa þátta. Þetta sést í minnkandi veiði, þó svo að hluta hennar megi rekja til breytinga á veiðiaðferðum svo sem með minni maðkaveiði. Frekari skerðingar á búskilyrðum í ánni er því mjög mikið áhyggjuefni ef ekki er gripið til einhverra mótvægisáðgerða og vöktunar á áhrifum þeirra á lífríki árinna. Stjórn veiðifélagsins getur ekki tekið undir orð skýrsluhöfunda um að laxastofn árinna sé "...leifar af seiðasleppingum fyrri ára...". Með þessari fullyrðingu er látið að því liggja að laxastofn árinna sé í raun framandi dýrategund í ánni og því ekki mikils virði að vernda hann. Þetta er ekki rétt þar lax var í ánni áður en seiðasleppingar hófust. Stofnstærðin hefur verið mjög sveiflukennd eins og sést í veiðitölum síðastliðinna 20 ára. Laxastofninn á vatnasvæði Selfljóts er náttúruauðlind sem ber að vernda með öllum ráðum og má á engan hátt ganga nærri búsvæðum og/eða lífsskilyrðum hans í ánni. Fjöldi annara ytri ógna, ógna tilvist hans í dag, svo sem breytingar á veðurfari, minna rennsli í dragám á sumrum vegna minni snjósöfnunar að vetri, breytingar á hafstraumum og sjávarhita. Ekki má gleyma stærstu beinu ógninni sem er eldi á frjóum laxi í sjó og er Austurland þar meðal stærstu eldissvæða við landið.

Þó svo að mest áhersla skýrsluhöfunda sé á viðkomu og velferð laxa í ánni má ekki gleyma því að þar eru einnig viðkvæmir stofnar bleikju og urriða. Bleikjan hefur mjög átt í vök að verjast undanfarna áratugi og hafa fræðimenn nefnt hækkandi hitastig straumvatna sem ástæðu. Horfa þarf til þessara þátta við þessa framkvæmd og tryggja að ekki sé gengið á búskilyrði stofnanna.

Það er því mikið áhyggjuefni stjórnar Veiðifélagsins að rennsli Gilsár og Selfljóts sé raskað meira en náttúrulegar sveiflur gera. Í framkvæmdavalkosti A er áætlað að rennslisskerðing á veiðisvæðum 6 og 7 sé á bilinu 30-68% í verstu sviðsmynd og 27-63% með framkvæmdavalkosti B. Stjórnin telur að ekki sé nægjanlega gerð grein fyrir eða lagt mat á áhrif umræddar dægurmiðlunar á lífríki árinna. Að ekki sé lagt mat á heildaráhrif þess að gerbreyta á vatnholti Gilsár ofan Nykurfossa á heildarlífkeðjuna svo sem vegna fækkunar smádýra í ánni sem hefði bein áhrif á fæðuframboð tegunda ofar í fæðukeðjunni neðan Nykurfossa eins og kveðið er á um í 10. grein laga 60/2013 um Náttúruvernd. Ljóst er að ef ekki eru settar einhverjar skorður við rennslisstýringu þá muni umrædd sviðsmynd raungerast seinni hluta sumars og yfir vetrartímann. Áhrifin af þessu eru eins og nefnt er í skýrslunni neikvæð fyrir framleiðni í ánni. Allt botndýralíf svo og seiðabúskap þar sem viðbúið er að þá þegar viðkvæmir stofnar gætu orðið fyrir frekari áföllum þegar þornar í kílum og lænum í ánni með mögulegum seiðadauða umfram það sem náttúrulegt er í ánni. Telur stjórn veiðifélagsins að nauðsynlegt sé að setja fram skýrar kröfur til framkvæmdaáðila um vöktun lífríkisins ef að framkvæmdinni verður. Einnig að settir séu fram tölulegir mælikvarðar við mat á áhrifum framkvæmdarinnar auk skilyrða um mögulega

breytingu á og/eða framkvæmd dægurmiðlunar sé lífríki árinna og fiskistofna ógnað. Umræddir mælikvarðar og mat á áhrifum sé sett fram og framkvæmt af sérfræðingum Fiskistofu og sé ekki undir umsjón framkvæmdaraðila. Það er einnig mat framkvæmdaraðila að ekki sé grundvöllur fyrir þessari framkvæmd nema með dægurmiðlun og er þar vísað til bættrar nýtingar orkuauðlindarinnar. Slíkt má þó ekki vera til að ganga á aðrar náttúruauðlindir né ganga gegn markmiðum laga um Náttúruvernd og/eða vernd villtra dýra.

Í skýrslunni er ekkert vikið að þeim neikvæðu áhrifum sem umrædd dægurmiðlun hefði á veiðar við ána. Talað er um að mögulegt sé að stöðva framleiðslu raforku í allt að 12 klukkustundir frá klukkan 2000-0800. Miðað við þær rennslisskerðingar sem því fylgja og eru nefndar hér að framan er ljóst að áhrifa þeirra myndi gæta alla fyrri vaktina (frá 0700-1300) á veiðisvæðum 6 og 7. Þessi veiðisvæði eru einmitt dýrustu veiðisvæði árinna og er ljóst að minnkun á vatni í ánni myndi hafa neikvæð áhrif á ásókn veiðimanna í ána. Vitað er að lítið rennsli í ánni hefur áhrif á göngur fiska upp ána sem kemur beint fram í áhuga veiðimanna til veiða á umræddum svæðum. Vel má vera að það sé mat einhverra að hér sé ekki um mikla fjárhagslega hagsmuni að ræða en engu að síður þá er þetta eitthvað sem skiptir okkur máli og við viljum ekki missa eða skerða á nokkurn átt. Í þessu sambandi er rétt að benda á 35. grein laga 61/2006 um Lax- og silungsveiði.

Stjórn veiðifélagsins leggst gegn allri efnistöku úr ánni til framkvæmdarinnar og skiptir þar ekki þó um sé að ræða efnistöku ofan fiskgengra svæða í ánni. Stjórnin hefur undanfarna áratugi lagst gegn öllum slíkum framkvæmdum og sér ekki ástæðu til að breyta þeirri afstöðu sinni. Að öðru leyti vísar stjórn til leyfa Fiskistofu, samanber 33. grein laga númer 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Stjórn veiðifélagsins tekur ekki að öllu leiti undir þær fullyrðingar skýrsluhöfunda að umrædd virkjun komi til með að bæta orkuöryggi á nærsvæði hennar. Fyrir því eru engar tryggingar og hálf holur hljómur í slíku tali. Lang stærstur hluti allrar raforku sem aflað er hérlandis, er aflað í hinum dreifðu byggðum landsins. Nærsvæði orkuöflunarstaðanna sitja hins vegar uppi með ótryggt dreifikerfi, háan flutningskostnað og síhækkandi orkukostnað á sama tíma og gengið er á náttúru- og umhverfisgæði þeirra sem búa á áhrifasvæðum framkvæmdanna.

Fyrir hönd stjórnar Veiðifélags Selfljóts,

Grétar Mar Óðinsson, formaður.

Ábendingar vegna Umhverfismatsskýrslu fyrir Gilsárvirkjun í Eiðabíngi

Hér verður aðallega til umfjöllunar grein 4.3 um jarðmyndanir.

Grein 4.3.3 Gögn og rannsóknir

„Jarðfræðingar EFLU hafa kannað jarðfræði svæðisins á vettvangi m.a. með tilliti til uppruna, efnisgæða, grundunar og fleiri þátta. Alls hafa verið gerðar tvær jarðfræðiúttektir á framkvæmdasvæðinu, 2019 og aftur 2023. Einnig er stuðst við jarðfræðikort af Austurlandi og aðrar fyrirbyggjandi heimildir.“

Jarðfræðiúttektir þessar fylgja ekki matsskýrslu og ekki er vísað til „fyrirbyggjandi heimilda“ í heimildaskrá nema ef vera kynni vísun til úreltrar kennslubókar eftir Þorleif Einarsson frá 1968. Jarðfræðikort af Austurlandi hefur varla verið skoðað vel því fullyrt er (í grein 4.3.4) að berggrunnur svæðisins sé eldri en 3,3 milljón ára sem má telja furðulega framsetningu því skv. tilvísuðu jarðfræðikorti er berggrunnurinn á Gilsárdal líklega um 12 milljón ára gamall. Undirritaður telur að rannsóknir jarðfræðinga Eflu hafi verið harla yfirborðskenndar og gefi ófullkomna mynd af jarðfræði Gilsárdals. Ekki verður séð að fram hafi farið kortlagning berggrunns né yfirborðsefnis.

Grein 4.3.4 Grunnástand

„Í mynni dalsins hefur Gilsáin sorfið gljúfur niður í berggrunninn en ofar rennur áin í einstaka flúðum niður dalinn. Beggja vegna við botn dalsins má sjá nokkuð afgerandi hjallamyndun og jökulmyndanir. Hjallar, hólur og malarásar eru víða og fremst í dalnum eru hjallarnir ráðandi setmyndun.“

Síðan er fjallað stuttlega um fossa í Gilsá.

„Engar aðrar jarðmyndanir eru í dalnum sem njóta verndar og er jarðfræði svæðisins dæmigerð fyrir Austurland, en berggrunnur svæðisins er blágrýti eldra en 3,3 milljón ára [18].“

Í grein 4.3.8 segir að jarðfræði svæðisins sé „algeng“. Að mati undirritaðs er sú fullyrðing fullkomlega merkingarlaus. Jarðfræði Gilsárdals getur ekki talist algeng né dæmigerð fyrir allt Austurland. Á dalnum eru merkar jökulrænar myndanir sem óvísan er að finna annars staðar á Austurlandi, þótt svipaðar (sam tíma?) myndanir sé að finna á Gilsárdal austan Suðurdals í Fljótsdal og á utanverðum Fossvalladal í Jökulsárhlíð. Um er að ræða merkar jarðfræðilegar minjar sem varðveita upplýsingar um hörfun jökla við lok síðasta jökulskeiðs. Eyðilegging þessara minja verður að teljast óafturkræf.

Grein 4.3.7 Mótvægisaðgerðir

„Ekki er ráðgert að ráðast í sérstakar mótvægisaðgerðir varðandi jarðmyndanir að öðru leyti en að vanda til verka við framkvæmdir og frágang, þ.m.t. á efnistökusvæðum.“

Á efnistökusvæðum verður um að ræða óafturkræfa eyðileggingu á gagnmerkum jarðfræðilegum minjum frá lokum síðasta kuldaskaiðs. Að mati undirritaðs er þörf á mótvægisaðgerðum sem felast í vönduðum rannsóknum á völdum sniðum (opnum) í malarnámum samhliða efnistöku á framkvæmdatíma. Rannsóknir þessar ættu að vera framkvæmdar af jarðfræðingum með sérmenntun á sviði setlagfræði.

Grein 4.4.5.2 Flóð

Undir þessum lið er ekkert fjallað um hamfaraflóð (þ.e. flóð með 20, 50 eða 100 ára endurkomutíðni) og þar af leiðandi ekkert getið um áhrif slíkra flóða á stíflumannvirki.

Annað:

Í matsskýrslunni er ekki fjallað um mögulega náttúruvá á svæðinu og hugsanleg áhrif hennar á mannvirki. Náttúruvá getur t.d. verið í formi jarðskjálfta, öskufalls, ofanflóða (snjóflóða og skriðufalla) og hamfaraflóða. Eðlilegt er að fjalla um þessa hluti þótt í flestum tilfellum megi ætla að fyrirhuguðum mannvirkjum virkjunar stafi óveruleg hætta af framantöldum birtingarmyndum náttúruvár (nema helst hamfaraflóðum).

Egilsstöðum 25.07 2025

Helgi Ómar Bragason, jarðeðlisfræðingur

Útgarði 1 700 Egilsstaðir